

AUGLÝSING

um útgáfu nýs 10 króna bankaseðils samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 gefið út nýjan 10 króna seðil með svofelldri gerð:

Seðillinn er að öllu leyti eins og áður útgefinn 10 króna seðill, sem auglýstur var í Lögbirtingablaðinu 7. maí 1960, að undanskildum eftirtöldum breytingum:

Á framhlið.

Efst á framhlið fyrir miðju kemur Seðlabanki Íslands í stað Landsbanki Íslands, Seðlabankinn.

Seðillinn er gefinn út samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961.

Eiginhandarundirskriftir tveggja bankastjóra Seðlabankans, Jóhannesar Nordal og Jóns G. Mariassonar, eru prentaðar á seðlana.

Fyrir framan bæði númer hvers seðils eru stafirnir BA með upphafsstöfum.

Á bakhlið.

Merki Seðlabanka Íslands kemur í vinstra horn neðan til í stað merkis Landsbanka Íslands, Seðlabankans.

Litur.

Seðillinn er prentaður í sama lit, og eldri 10 króna seðill.

Hinn eldri 10 króna seðill frá 1960 verður áfram í umferð og heldur fullu gildi.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. ágúst 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

1. september 1966.

Nr. 188.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Hjarðarhagi verði aðalbraut, þó þannig, að umferð um hann víki fyrir umferð um Nesveg og Suðurgötu.
 2. Nesvegur verði aðalbraut, þó þannig, að umferð um hann víki fyrir umferð um Hagatorg og Hofsvallagötu.
 3. Laugarnesvegur verði aðalbraut, þó þannig, að umferð um hann víki fyrir umferð um Kleppsveg, Sundlaugaveg og Laugaveg. Jafnframt verði bifreiðastöður bannaðar á Laugarnesvegi að vestanverðu milli Kleppsveg og Sundlaugavegar.
- Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. september 1966.

Sigurjón Sigurðsson.